



REGLUGERÐ UM FLOKKAKEPPNI BTÍ

Orðskýringar.

1. deild: Efsta deild viðkomandi kyns.

Neðri deildir: Allar deildir viðkomandi kyns neðar en fyrsta deild. Neðri deildir eru táknaðar með raðtölum, t.d. 2. deild, 3. deild o.s.frv.

Utandeild: Deild sem er ekki partur af 1. deild eða neðri deildum. Utandeildir eru ekki táknaðar með raðtölum eins og neðri deildir.

1. gr.

Keppnisfyrirkomulag.

Keppt skal eftir þriggja manna „tíu leikja kerfi“ með tvíliðaleik í deildakeppni karla og kvenna. Í unglingsflokkum skal keppt eftir tveggja manna "Corbillion" kerfi.

Í deildakeppni karla og kvenna telst efsta lið eftir deildakeppni „deildarmeistari“, en í öðrum deildum teljast sigurlið „Íslandsmeistarar“. Sigurlið í úrslitakeppni 1. deildar telst Íslandsmeistari (sjá 12. grein).

Röð leikja skal vera þessi:

Tíu leikja kerfi

- A:Y
- B:Z
- C:X
- A:Z
- B:X
- C:Y
- Tvíliðaleikur
- A:X
- B:Y



- C:Z

Í fyrirkomulaginu, sem skal spilað á tveimur borðum, eru leiknir allt að 10 leikir í viðureign, fyrst 6 einliðaleikir, svo tvíliðaleikur og að lokum 3 einliðaleikir. Þrír til fimm leikmenn leika hverja viðureign. Þrír sömu leikmenn spila alla einliðaleikina en frjálst er að velja hvern sem er úr fimm manna liði í tvíliðaleikinn. Liðið sem fyrr sigrar 6 leiki vinnur viðureignina en verði staðan 5-5 er jafntefli. Engar breytingar eru leyfðar á niðurröðun eftir að viðureignin er hafin.

Corbillion kerfi (tveggja manna)

- A:X
- B:Y
- tvíliðaleikur
- A:Y
- B:X

Ef þátttakendum í flokki hefur verið skipt í tvo riðla skal í úrslitakeppni spilað „í kross“ þannig að sigurvegari í A-riðli leikur við lið í öðru sæti í B-riðli, en sigurvegari í B-riðli leikur við lið úr öðru sæti úr A-riðli. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita, en þeir sem tapa leika um þriðja sætið.

2. gr.

Keppnisflokkar.

Keppnisflokkar í flokkakeppni BTÍ eru:

- 1. deild karla
- 1. deild kvenna
- Neðri deildir karla (eftir þátttöku)
- Neðri deildir kvenna (eftir þátttöku)

- Unglingar 16-18 ára
- Unglingar 14-15 ára
- Unglingar 13 ára og yngri

Utandeildir (eftir atvikum)

Í 1. deild karla og -kvenna skulu vera allt að 6 lið. Þó er heimilt að 7 lið leiki í 1. deild



ef það er nákvæmur fjöldi þeirra liða sem skráir sig til leiks. Í neðri deildum, þ.e. öðrum deildum en 1. deild, skal fjöldi liða vera sex ef það er mögulegt.

Skrái 8 eða fleiri lið sig til leiks í 1. deild skal stofna til 2. deildar. Ef 10 lið eða fleiri skrá sig til leiks í 2. deild skal stofna til þriðju deildar eða til eins margra neðri deilda og þörf er á þannig að sex lið leiki í hverri neðri deild nema í neðstu deild sem má innihalda ekki færri en fjögur lið og ekki fleiri en níu.

Á fyrsta leikári nýstofnaðrar neðri deildar skal liðum raðað í deildir eftir gengi fyrra árs. Nýjum liðum er raðað fyrir neðan neðsta lið fyrra árs. Ef skipta þarf nýjum liðum í fleiri en eina deild skal meðalstigafjöldi þriggja bestu leikmanna liðsins, samkvæmt styrkleikalista BTÍ við upphaf tímabils, ráða því í hvaða deild lið tekur þátt. Ef lið sem á rétt á sæti í deild vegna gengis fyrra árs skráir sig ekki til leiks, afþakkar sæti í deildinni eða tekur af öðrum kosti ekki þátt mun það lið sem tapaði umspilsleik um sæti í deildinni færast upp um deild.

Neðsta lið deildar fellur sjálfkrafa niður um deild. Efsta lið í úrslitakeppni deildar flyst upp um deild. Næstneðsta lið deildar keppir við næstefsta lið úrslitakeppni deildarinnar fyrir neðan í umspilsleik um sæti í efri deildinni á næsta leiktímabili.

Leikin skal tvöföld umferð í karla- og kvennadeildum og úrslitakeppni að þeim loknum, en einföld umferð í öðrum flokkum. Ef deild inniheldur fjögur lið eða færri er heimilt að leika þrefalda umferð, enda sé ákvörðun um það tekin af BTÍ við upphaf keppnistímabils. Mótanefnd getur ákveðið að skipta deildum upp í riðla, t.d. vegna fjölda liða, eða svæðaskipta riðla.

Heimilt er í samráði við mótanefnd BTÍ að stofna til utandeildar. Keppni í slíkri deild hefur vægið 1 samkvæmt reglugerð um styrkleikalista. Úrslit í utandeild skulu tilkynnt mótanefnd innan þriggja sólarhringa frá keppni.

3. gr.

Fyrirkomulag keppni.

Flokkakeppni skal fara fram með einhverjum af eftirfarandi hætti:

1. á fyrri hluta árs á einni helgi,
2. leikin heima og heiman á æfingatímum félaganna eða
3. leikin í umferðum um helgar í aðstöðu félaga í deildinni þar sem fram fara ein



til þrjár umferðir í senn.

Fer fyrirkomulag á þessu eftir ákvörðun mótanefndar BTÍ í lok hvers sumars.

4. gr.

Mótanefnd framkvæmdaaðili.

Mótanefnd sér um framkvæmd flokkakeppninnar í samráði við aðildarfélög BTÍ. Félög sem halda viðureignir eða keppnisdaga í deildakeppni tilnefna yfirdómara, og skulu þeir fá greitt fyrir dómgæslu. Mótanefnd BTÍ útvegar kúlur til keppni. Aðrir dómara í deildakeppnum eru á ábyrgð þess félags sem mót eða umferð heldur og skal félagið leitast við að útvega einn dómara á hvern keppnisvöll.

Mótanefnd veitir verðlaun til þeirra leikmanna verðlaunaliða sem hafa spilað eina umferð með liði sínu.

5. gr.

Viðurlög við brotum o.fl.

Mæti lið ekki til leiks í 1. deild karla og kvenna telst það lið hafa tapað leiknum með mesta mun og skal félagið greiða 10.000 kr. sekt. Ef sekt er ekki greidd fyrir næstu leiki í deild missir liðið rétt til keppni.

Sé leikin tvöföld umferð, heima og heiman, í mótinu skal hið brotlega lið leika seinni leikinn á útivelli (sé hann óleikinn). Komi slíkt fyrir aftur skal liðið og skráðir leikmenn þess vera úr keppninni, leiknir leikir þess strikaðir út og félagið dæmt til að greiða 20.000 kr. sekt til mótanefndar. Ofangreint gildir aðeins um 1. deild karla og kvenna.

Lið telst mætt til leiks, í öllum deildum sem gera ráð fyrir þriggja manna liðum, séu tveir leikmanna mættir.

6. gr.

Um úrslit leikja.

Unninn leikur gefur tvö stig en hvort lið fær 1 stig ef jafntefli verður. Sá vinnur mótið sem flest stig hlýtur og verði lið jöfn ræður hlutfall unninna leikja og tapaðra og síðan ræður hlutfall unninna lota og tapaðra. Allir leikir keppninnar skulu reiknaðir með. Sé þá enn jafnt hjá tveimur eða fleirum liðum skal leikið til úrslita á hlutlausum



velli.

Heimalið er ábyrgt fyrir því að úrslit leiks berist til mótanefndar BTÍ en skil geta verið með rafrænum hætti, og skulu öll úrslit einstakra leikja með fullum nöfnum keppenda og undirrituðum leikskýrslum berast innan 3ja daga frá lokum leiks.

7. gr.
Um hlutgengi leikmanna.

Konu er heimil þátttaka í flokkakeppni karla.

Í deildakeppni mega eingöngu leika þeir leikmenn sem hafa löglega verið skráðir í liðið sbr. 8. gr.

Aðeins á tímabilinu 15. desember til 4. janúar er leikmanni heimilt að skipta um lið í deildakeppni. Mótanefnd BTÍ skal tilkynnt um liðaskipti á framangreindu tímabili og er sú tilkynning óafturkallanleg.

Til viðbótar því er heimilt að fá lánsleikmann lánaðan úr liði sama félags úr neðri deild í efri deild (aðeins eitt skipti hvern leikmann yfir tímabilið). Ekki er hægt að kalla á lánsleikmann í lið í neðstu deildum karla og kvenna. Tilkynning um tímabundið lán skal senda á mótanefnd að minnsta kosti sólarhring fyrir deildarkeppni. Heimilt er leikmanni sem fer á tímabundið lán með þessum hætti að leika jafnframt fyrir sitt hefðbundna lið í neðri deildinni sama keppnisdag eða sömu keppnishelgi, svo lengi sem viðureignirnar eru ekki á dagskrá á sama tíma.

8. gr.
Um tilkynningaskyldu félaga, gjöld vegna keppni og röðun leikja.

Félög skrá lið í flokkakeppni til mótanefndar í samræmi við auglýsingu frá mótanefnd. Félögum er skylt að tilkynna mótanefnd BTÍ skriflega hvaða leikmenn skipi hvert og eitt lið sem þátt tekur í keppni í samræmi við dagsetningu í auglýsingu mótanefndar. Fjöldi skráðra varamanna í hvert lið er ótakmarkaður.

Keppnisgjald fyrir hvert lið í 1. deild er 25.000 kr. Félög sem senda lið í 1. deild karla og 1. deild kvenna fá 25% afslátt af keppnisgjaldi í 1. deild. Keppnisgjald fyrir hvert lið í 2. og 3. deild er 15.000 kr. Keppnisgjöld fást ekki endurgreidd þótt lið dragi sig úr keppni. Keppnisgjöld stafa af kostnaði við dómgæslu.



Einstök lið geta ekki hafið keppni í deild fyrr en liðið hefur verið tilkynnt mótanefnd og keppnisgjald greitt. Lið sem ekki hefur verið greitt fyrir, fyrir upphaf keppni, tapar sínum fyrsta leik með mesta mögulega mun. Hafi ekki verið greitt fyrir liðið fyrir næsta leik þess mun hann fara eins, o.s.frv.

Leikir liða úr sama félagi skulu fara fram fyrst í hvorum hluta keppinnar.

9. gr.

Mótanefnd raðar leikjum.

Mótanefnd raðar leikjum keppinnar og birtir á vefsíðu BTÍ fyrir fyrsta leikdag.

10. gr.

Viðurlög við að hætta leik.

Neiti lið að spila leik telst leikurinn liðinu tapaður. Neiti einstakur leikmaður liðs að spila leik telst sá leikur honum tapaður.

11. gr.

Viðurlög við að mæta ekki til leiks á réttum tíma.

Sé lið ekki tilbúið til leiks í síðasta lagi 15 mín. eftir auglýstan tíma getur hitt liðið krafist vinnings án leiks. Sé leikmaður ekki tilbúinn til leiks 5 mínútum eftir að honum kemur getur andstæðingur hans krafist vinnings án leiks. Lögmæt frávík frá tímamörkum þeim sem getur í síðustu grein teljast þau ein sem hljótast af notkun samgöngutækja sem hafa fasta áætlun, enda beri keppendur enga ábyrgð á töfinni sjálfir og geti sannað töfina skriflega. Heimilt er að taka tillit til ófærðar eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna innan skynsamlegra marka.

12. gr.

Úrslitakeppni.

Í deildakeppni karla og kvenna er leikin úrslitakeppni eftir að úrslit úr öllum deildaleikjum eru orðin ljós. Efstu fjögur lið hverrar deildar leika í úrslitakeppni. Í úrslitakeppninni þarf aðeins að sigra eina viðureign. Mótanefnd getur úthlutað félögum að halda leiki í úrslitakeppni. Hafi það ekki verið gert hefur það félag sem endaði ofar í deildakeppninni heimaleik.



Til þess að leikmaður sé gjaldgengur í úrslitakeppni deildar skal hann hafa keppt í og lokið einum einliðaleik eða tvíliðaleik hið minnsta í viðkomandi deildakeppni tímabilsins.

Í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildar skulu annars vegar mætast lið nr. 1 og lið nr. 4 í deildinni, og hins vegar lið nr. 2 og lið nr. 3. Það lið sem sigrar úrslitaviðureignina telst Íslandsmeistari.

Ef 4 lið eða færri leika í deild fara eingöngu tvö lið í úrslitakeppnina. Þá skulu mætast lið nr. 1 og lið nr. 2 í deildakeppninni.

Úrslitakeppni skal aðeins leikin í neðri deild hafi deildin verið leikin í tveimur eða fleiri riðlum. Hafi neðri deild verið leikin í ósvæðaskiptum riðlum skulu riðlarnir fá jafnmörg sæti í úrslitakeppni og leika í kross. Hafi deild verið leikin í svæðaskiptum riðlum skal úthluta sætum í úrslitakeppni í hlutfalli við fjölda skráðra liða frá hverju svæði, þó þannig að hvert svæði fái aldrei minna en eitt lið í úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin og umspilsleikir sömuleiðis, skulu leiknir með eftirfarandi fyrirkomulagi:

Sjö leikja kerfi

- 1) A v X
- 2) B v Y
- 3) C v Z
- 4) Tvíliðaleikur
- 5) A v Y
- 6) C v X
- 7) B v Z

Í fyrirkomulaginu eru leiknir allt að 7 leikir í viðureign, fyrst 3 einliðaleikir, svo tvíliðaleikur og að lokum 3 einliðaleikir. Þrír til fimm leikmenn leika hverja viðureign. Þrír sömu leikmenn spila alla einliðaleikina en frjálst er að velja hvern sem er úr fimm manna liði í tvíliðaleikinn. Liðið sem fyrr sigrar 4 leiki vinnur viðureignina. Engar breytingar eru leyfðar á niðurröðun eftir að viðureignin er hafin.



13. gr.

Frestun leikja.

Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send mótanefnd með tölvupósti. Frestun er einungis veitt af eftirfarandi ástæðum:

1. Samgönguerfiðleikar vegna veðurs.
2. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum BTÍ.

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli hinn frestaða leik og tilkynnir viðkomandi liðum. Leitast skal við að hinn frestaði leikur sé leikinn fyrir næstu umferð.

Ef lið fær frestun á leik má það aðeins nota þá leikmenn sem löglegir voru með liðinu þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

14. gr. Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. júlí 2017 og falla eldri reglugerðir um flokkamót BTÍ þar með úr gildi. Samþykkt á stjórnarfundum BTÍ þann 12. desember 2016. -Vissar greinar reglugerðarinnar voru endurskoðaðar fyrir 10. september 2017 að teknu tilliti til ábendinga.



Breytingaskrá

Í þessari breytingaskrá tákna *skáletrun* texta úr reglugerð, **feitletrun** tákna texta sem er bætt við og ~~yfirstrikun~~ tákna texta sem er felldur út.

Þann 28. september 2020 samþykkti stjórn eftirfarandi breytingar á 2., 3. og 12. grein reglugerðarinnar:

- Aftast við 2. gr., 6. efnisgrein bætist: *“Ef deild inniheldur fjögur lið eða færri er heimilt að leika þrefalda umferð, enda sé ákvörðun um það tekin af BTÍ við upphaf keppnistímabils.”*
- 3. gr., 1. efnisgrein, 3. tölulið var breytt. Fyrir breytinguna var liðurinn svona: *“leikin í umferðum um helgar í aðstöðu félaga í deildinni þar sem fram fara ein eða tvær til þrjár umferðir í senn.”* Orðunum *“eða tvær”* var breytt í *“til þrjár”*.
- Út úr 12. gr., 2. efnisgrein var texti felldur út (yfirstrikað): *“Ef 5 lið eða fleiri leika í 1. deild kvenna skal úrslitakeppni 1. deildar kvenna fara fram með sama sniði og úrslitakeppni 1. deildar karla. Að öðrum kosti fara eingöngu tvö lið í 1. deild kvenna í úrslitakeppni. Þá skulu mætast lið nr. 1 og lið nr. 2 í deildakeppninni og skal lið nr. 1 hafa heimaleik í 1. og 3. leik en lið 2 í 2. leik. Það lið sem sigrar fyrr í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna.”*
- Við 12. gr. bætist milli 2. og 3. efnisgreinar: *“Úrslitakeppni 2. deildar skal leikin eins og úrslitakeppni 1. deildar karla hafi deildin verið leikin í einum riðli. Hafi 2. deild verið leikin í svæðaskiptum riðlum skulu svæðin hafa jafnmörg lið í úrslitakeppni. Séu svæðin þrjú skal hvert svæði fá eitt pláss í úrslitakeppni og svæðið með flestum liðum fær fjórða sætið í úrslitakeppni. Hafi 2. deild ekki verið leikin í svæðaskiptum riðlum en þó í fleiri riðlum en einum skulu riðlarnir hafa jafn mörg sæti í úrslitakeppni.”*
- Áður hafði stjórn BTÍ samþykkt að fella út öftustu efnisgrein 12. greinar en samþykkt var að halda henni inni í reglugerðinni: *“Það lið sem endar í 5. sæti í 1. deild karla skal spila eina viðureign við það lið sem lendir í 2. sæti í 2. deild karla á þeim tíma sem mótanefnd ákveður. Mótanefnd skal varpa hlutkesti til ákvörðunar um það hvort liðið skal eiga heimavöll. Það lið sem sigrar fær keppnisrétt í 1. deild karla á næsta keppnistímabili og það lið sem tapar leikur í 2. deild á næsta keppnistímabili.”*

Þann 20. janúar 2021 samþykkti stjórn breytingu á 4. gr. þar sem aftasti hluti 2. málsgreinar 1. efnisgreinar var felldur út:



- "...Félög sem halda viðureignir eða keppnisdaga 1. og 2. deildar tilnefna yfirdómara, og skulu þeir fá greitt fyrir dómgæslu, í samræmi við innheimt keppnisgjöld..."

Þann 23. febrúar 2021 var reglugerðinni breytt eftir samþykkt fyrri stjórnar BTÍ sem ekki höfðu ratað inn í reglugerðina eftir stjórnarfund 8. október 2019. Breytingarnar snerust um 12. grein um úrslitakeppni. Henni er breytt úr því að vinna þurfi tvo leiki í að vinna þurfi einn leik í undanúrslitum og úrslitum.

- 12. grein, 1. m.gr. var breytt svona:
"Úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna fer fram eftir að deildarkeppni í 1. deild er lokið. Í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildar karla skulu annars vegar mætast lið nr. 1 og lið nr. 4 í deildinni, og skal lið nr. 1 hafa heimaleik, í fyrsta og þriðja leik, en lið nr. 4 í öðrum leik, og hins vegar lið nr. 2 og lið nr. 3, og skal lið nr. 2 hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik, en lið nr. 3 í öðrum leik. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum, komast áfram í úrslitaviðureign og skal það lið sem var ofar í deildinni hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum úrslitanna telst Íslandsmeistari í 1. deild karla í borðtennis. **Í úrslitakeppninni þarf aðeins að sigra eina viðureign. Það lið sem sigrar úrslitaviðureignina telst Íslandsmeistari. Mótanefnd getur úthlutað félögum að halda leiki í úrslitakeppni. Hafi það ekki verið gert hefur það félag sem endaði ofar í deildakeppninni heimaleik.**"
- Í 12. grein, 2. m.gr. var einu orði breytt úr "ef 6 lið eða fleiri..." í "ef 5 lið eða fleiri..."

Þann 26. ágúst 2021 var reglugerðin uppfærð með það að sjónarmiði að samræma reglur á milli deilda og skapa rými fyrir 3. deild. Orðalag var víða samræmt og orðskýringum bætt við.

- Efst í reglugerðina var orðskýringum bætt við:
1. deild: Efsta deild viðkomandi kyns
Neðri deildir: Allar deildir viðkomandi kyns neðar en fyrsta deild. Neðri deildir eru táknaðar með raðtölum, t.d. 2. deild, 3. deild o.s.frv.
Utandeild: Deild sem er ekki partur af 1. deild eða neðri deildum. Utandeildir eru ekki táknaðar með raðtölum eins og neðri deildir."
- Fyrstu tveimur efnisgreinum 1. greinar var breytt svona:
"Keppt skal eftir 3ja manna „ólympísku liðakerfi“ með tvíliðaleik í 1. og 2. deild deildakeppni karla og kvenna. **Í unglingsflokkum og kvennaflokki skal keppt eftir tveggja manna "Corbillion" kerfi. Frá og með 1. september 2017 skal einnig keppt með 3ja manna Davis cup kerfi í 1. deild kvenna.**"



- Í ~~1. og 2. deildakeppni~~ karla og kvenna telst efsta lið eftir deildakeppni “deildarmeistari”, en í öðrum deildum teljast sigurlið “Íslandsmeistarar”. Sigurlið í úrslitakeppni 1. deildar telst Íslandsmeistari (sjá 12. grein).”
- Í 1. m.gr., 2. gr var keppnisflokkum breytt þannig að við bættust liðirnir **“Neðri deildir karla (eftir þátttöku)”**, **“Neðri deildir kvenna (eftir þátttöku)”** og **“Utandeildir (eftir atvikum)”**. Burtfelldar voru deildirnar ~~“2. deild karla”~~. og ~~“2. deild kvenna (ef næg þátttaka er)”~~.
 - Efnisgreinum 2-5 í 2. gr. var breytt á eftirfarandi hátt og efnisgrein 6 var felld út í heild sinni:
 - (1) **“Í 1. deild karla og -kvenna skulu vera allt að 6 lið. Þó er heimilt að 7 lið leiki í 1. deild kvenna ef það er nákvæmur fjöldi þeirra liða sem skráir sig til leiks. Í neðri deildum, þ.e. öðrum deildum en 1. deild, skal fjöldi liða vera sex ef það er mögulegt.”**
 - (2) **“Skrái 8 eða fleiri lið sig til leiks í 1. deild kvenna skal stofna til 2. deildar kvenna stofnuð. Ef 10 lið eða fleiri skrá sig til leiks í 2. deild skal stofna til þriðju deildar eða til eins margra neðri deilda og þörf er á þannig að sex lið leiki í hverri neðri deild nema í neðstu deild sem má innihalda ekki færri en fjögur lið og ekki fleiri en níu. og skulu þá sömu reglur fara um hana og 2. deild karla.”**
 - (3) **“Á fyrsta leikári nýstofnaðrar 2. neðri deildar kvenna skal liðum raðað í deildir eftir gengi fyrra árs. Nýjum liðum er raðað fyrir neðan neðsta lið fyrra árs. Ef skipta þarf nýjum liðum í fleiri en eina deild skal meðalstigafjöldi þriggja bestu leikmanna liðsins, samkvæmt styrkleikalista BTÍ við upphaf tímabils, ráða því í hvaða deild lið tekur þátt. Ef lið sem á rétt á sæti í deild vegna gengis fyrra árs skráir sig ekki til leiks, afþakkar sæti í deildinni eða tekur af öðrum kosti ekki þátt færirst það lið sem tapaði umspilsleik um sæti í deildinni upp um deild. jafnt í deildir og skal meðalstigafjöldi leikmanna liðs á styrkleikalistanum ráða því í hvorri deildinni liðið tekur þátt.”**
 - (4) **“Neðsta lið deildar fellur sjálfkrafa niður um deild. Efsta lið í úrslitakeppni deildar flyst upp um deild. Næstneðsta lið deildar keppir við næstefsta lið úrslitakeppni deildarinnar fyrir neðan í umspilsleik um sæti í efri deildinni á næsta leiktímabili. Neðsta liðið í 1. deild karla fellur í 2. deild en efsta lið í 2. deild flyst í 1. deild.”**
 - (5) **“Leikin skal tvöföld umferð í 1. og 2. deildum karla- og kvennadeildum og úrslitakeppni að þeim loknum, en einföld umferð í öðrum flokkum. Ef deild inniheldur fjögur lið eða færri er heimilt að leika þrefalda umferð, enda sé ákvörðun um það tekin af BTÍ við upphaf keppnistímabils. Mótanefnd getur ákveðið að skipta deildum upp í riðla, t.d. vegna fjölda liða, eða í**



svæðaskipta riðla.”

(6) “Í 1. og 2. deild karla og í kvennaflokki skal lágmarksstærð keppnisvallar vera 5 x 10 m. og keppni hvernar deildar skal fara fram á einu til þremur borðum eftir því sem húsrúm leyfir. Í öðrum flokkum ákveður mótanefnd fjölda borða sem keppt skal á.”

- Í 1. efnisgrein, 4. greinar var orðunum “1. og 2. deildar” breytt í “**deildakeppnum**”. Neðar var efnisgreininni breytt svona: “...Aðrir dómarar í 1. og 2. deildakeppnum eru á ábyrgð...”
- Í 1. efnisgrein 5. greinar bættist inn aftari hluti á málsgrein: “...Mótanefnd er heimilt að fresta eða flýta leikjum ef brýna nauðsyn ber til **og skal tilkynna um breytta tímasetningu eins fljótt og auðið er.**”
- Í 7. grein breyttust efnisgreinar 2-3 svona:

(2) “Í liðadeildakeppni 1. og 2. deildar mega eingöngu leika þeir leikmenn sem hafa löglega verið skráðir í liðið sbr. 8. gr.”

(3) “Aðeins á tímabilinu 15. desember til 4. janúar er leikmanni heimilt að skipt um lið í liðakeppni 1. og 2. deildakeppni. Mótanefnd BTÍ skal tilkynnt um liðaskipti á framangreindu tímabili og er sú tilkynning óafturkallanleg.”
- Í 8. grein breyttust efnisgreinar 1-2 svona:

(1) “**Félög skrá lið í flokkakeppni til mótanefndar í samræmi við auglýsingu frá Mótanefnd. Félögum er skylt að tilkynna mótanefnd BTÍ fyrir upphaf flokkakeppni skriflega hvaða leikmenn skipi hvert og eitt lið sem þátt tekur í keppni í samræmi við dagsetningu í auglýsingu mótanefndar. Fjöldi skráðra varamanna í hvert lið er ótakmarkaður.**”

(2) “Keppnisgjald fyrir hvert og eitt lið í 1. og 2. deildakeppni er kr. 10.000,- sem ekki fæst endurgreitt...”
- 12. grein breyttist mjög. Efst var bætt við heilli efnisgrein (hér titluð efnisgrein nr. 0), efnisgrein 4 var felld út í heild sinni og öðrum efnisgreinum var breytt:

(0) “**Í deildakeppni karla og kvenna er leikin úrslitakeppni eftir að úrslit úr öllum deildaleikjum eru orðin ljós. Efstu fjögur lið hvernar deildar leika í úrslitakeppni. Í úrslitakeppninni þarf aðeins að sigra eina viðureign. Mótanefnd getur úthlutað félögum að halda leiki í úrslitakeppni. Hafi það ekki verið gert hefur það félag sem endaði ofar í deildakeppninni heimaleik.**”

(1) “Úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna fer fram eftir að deildarkeppni í 1. deild er lokið. Í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildar skulu annars vegar mætast lið nr. 1 og lið nr. 4 í deildinni, og hins vegar lið nr. 2 og lið nr. 3. Í úrslitakeppninni þarf aðeins að sigra eina viðureign. Það lið sem sigrar úrslitaviðureignina telst Íslandsmeistari. Mótanefnd getur úthlutað félögum að



halda leiki í úrslitakeppni. Hafi það ekki verið gert hefur það félag sem endaði ofar í deildakeppninni heimaleik.”

(2) “Ef 5 lið eða fleiri **4 lið eða færri** leika í 1. deild kvenna skal úrslitakeppni 1. deildar kvenna fara fram með sama sniði og úrslitakeppni 1. deildar karla. ~~Að öðrum kosti fara eingöngu tvö lið í 1. deild kvenna í úrslitakeppnina. Þá skulu mætast lið nr. 1 og lið nr. 2 í deildakeppninni.~~”

(3) “Úrslitakeppni 2. **neðri** deildar skal leikin eins og úrslitakeppni 1. deildar karla hafi deildin verið leikin í einum riðli. **Hafi deild verið leikin í ósvæðaskiptum riðlum skulu riðlarnir fá jafnmörg sæti í úrslitakeppni og leika í kross.** Hafi 2. deild verið leikin í svæðaskiptum riðlum skulu svæðin skal úthluta sætum í úrslitakeppni í hlutfalli við fjölda skráðra liða frá hverju svæði, þó þannig að hvert svæði fái aldrei minna en eitt lið í úrslitakeppni. hafa jafnmörg lið í úrslitakeppni. Séu svæðin þrjú skal hvert svæði fá eitt pláss í úrslitakeppni og svæðið með flestum liðum fær fjórða sætið í úrslitakeppni. Hafi 2. deild ekki verið leikin í svæðaskiptum riðlum en þó í fleiri riðlum en einum skulu riðlarnir hafa jafn mörg sæti í úrslitakeppni.”

- 13. grein, efnisgrein 1 breyttist svona:

“Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send mótanefnd með tölvupósti. **Ef ástæða frestunarinnar er fyrirsjáanleg skal leggja inn skriflega beiðni með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður réttlæti annað.**”

- Í 13. grein undir lið 2 um veigamiklar ástæður bætist við “...eða sóttkví.”

Þann 14. september 2023 var tveimur greinum breytt í heild sinni 5. gr. og 13. gr.

5. gr. Viðurlög við brotum o.fl.

Mæti lið ekki til leiks í 1. deild karla og kvenna telst það lið hafa tapað leiknum með mesta mun og skal félagið greiða 10.000 kr. sekt. Ef sekt er ekki greidd fyrir næstu leiki í deild missir liðið rétt til keppni.

Sé leikin tvöföld umferð, heima og heiman, í mótinu skal hið brotlega lið leika seinni leikinn á útivelli (sé hann óleikinn). Komi slíkt fyrir aftur skal liðið og skráðir leikmenn þess vera úr keppninni, leiknir leikir þess strikaðir út og félagið dæmt til



að greiða 20.000 kr. sekt til mótanefndar. Lið telst mætt til leiks séu 2/3 leikmanna mættir. Ofangreint gildir aðeins um 1. deild karla og kvenna.

Fyrri útgáfa

5. gr.

Viðurlög við brotum o.fl.

Mæti lið ekki til leiks telst það lið hafa tapað leiknum með mesta mun og skal félag það sem lið er úr greiða ákveðna sekt, sem mótanefnd ákveður.

Mótanefnd er heimilt að fresta eða flýta leikjum ef brýna nauðsyn ber til og skal tilkynna um breytta tímasetningu eins fljótt og auðið er. Félagið er einnig skyldugt til að greiða sannanlegan kostnað sem stofnað hefur verið til vegna keppinnar.

Sé leikin tvöföld umferð, heima og heiman, í mótinu skal hið brotlega lið leika seinni leikinn á útivelli (sé hann óleikinn). Komi slíkt fyrir aftur skal liðið og fastir leikmenn þess vera úr keppinni, leiknir leikir þess strikaðir út og félagið dæmt til að greiða ákveðna sekt til mótanefndar. Lið telst mætt til leiks séu 2/3 leikmanna mættir.

13. gr. Frestun leikja.

Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send mótanefnd með tölvupósti. Frestun er einungis veitt af eftirfarandi ástæðum:

1. Samgönguerfiðleikar vegna veðurs.
2. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum BTÍ.

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli



hinn frestaða leik og tilkynnir viðkomandi liðum. Leitast skal við að hinn frestaði leikur sé leikinn fyrir næstu umferð.

Ef lið fær frestun á leik má það aðeins nota þá leikmenn sem löglegir voru með liðinu þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

Fyrri útgáfa

13. gr.

Frestun leikja.

Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send mótanefnd með tölvupósti. Ef ástæða frestunarinnar er fyrirsjáanleg skal leggja inn skriflega beiðni með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður réttlæti annað.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguerfiðleikar vegna veðurs.
2. Veikindi eða sóttkví.
3. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum BTÍ.

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli hinn frestaða leik og tilkynnir viðkomandi liðum. Lið það sem sækir um frestunina ber allan þann kostnað sem af frestuninni kann að leiða.

Leitast skal við að hinn frestaði leikur sé leikinn fyrir næstu umferð. Ef leikurinn hefur ekki farið fram innan 4 vikna frá upphaflegum leikdegi skal leikurinn settur á ákveðna dagsetningu af mótanefnd. Ekki er hægt að biðja um frestun á þeimleikdegi. Ef frestun er vegna veikinda skal hún ákveðin og tilkynnt eigi síðar en kl. 12:00 á leikdegi.



Ef lið fær frestun á leik má það aðeins nota þá leikmenn sem löglegir voru með liðinu þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

Mótanefnd getur veitt samþykki á breyttum leikdegi ef bæði lið eru því samþykkt og hafa fundið nýjan leikdag annað hvort fyrir áætlaðan leikdag eða eftir og minnst 3 sólarhringa fyrirvara.

Þann 19. september 2025 var tveimur málsgreinum bætt við:

4. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 12. gr. sem formönnum höfðu áður verið kynntar í tölvupóstum um fyrirkomulag deildarkeppni:

-Til viðbótar því er heimilt að fá lánsleikmann lánaðan úr liði sama félags úr neðri deild í efri deild (aðeins eitt skipti hvern leikmann yfir tímabilið). Ekki er hægt að kalla á lánsleikmann í lið í neðstu deildum karla og kvenna. Tilkynning um tímabundið lán skal senda á mótanefnd að minnsta kosti sólarhring fyrir deildarkeppni. Heimilt er leikmanni sem fer á tímabundið lán með þessum hætti að leika jafnframt fyrir sitt hefðbundna lið í neðri deildinni sama keppnisdag eða sömu keppnishelgi, svo lengi sem viðureignirnar eru ekki á dagskrá á sama tíma.

-Til þess að leikmaður sé gjaldgengur í úrslitakeppni deildar skal hann hafa keppt í og lokið einum einliðaleik eða tvíliðaleik hið minnsta í viðkomandi deildakeppni tímabilsins.

Samtímis var úrelt útgáfa keppnisfyrirkomulags uppfærð, þ.e. bætt inn umfjöllun um „tíu leikja kerfi“, sbr. frétt á bordtennis.is frá 13.09.2022 og upphaf 5. mgr. 12. gr. lagfærð: „Úrslitakeppni skal aðeins leikin í neðri deild hafi deildin verið leikin í tveimur eða fleiri riðlum.“

Þann 24. janúar 2024 voru birtar breytingar á tveimur greinum.

Texta um sjö leikja fyrirkomulag í úrslitakeppni og umspili var bætt við aftast við 12. gr. Uppstilling fyrirkomulagsins er í samræmi við útfærslu í handbók ITTF.



Texti í 3. mgr. 5. gr. (um lágmarksmætingu) var gerður skýrari.